

Fundargerð

13. stjórnarfundur FHA haldinn 8. júní 2010 kl. 10:30

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB) og Þóra Rósa Geirsdóttir (PRG). Rúnar Gunnarsson boðaði forföll. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar

Stjórn skipti með sér verkum. Helgi Gestsson er formaður FHA. Páll Björnsson var kosinn gjaldkeri, Kristín Guðmundsdóttir ritari, Erlendur Steinar Friðriksson varaformaður og Kristín Þórarinsdóttir meðstjórnandi.

2. Fastur fundartími

Þessum lið var frestað til næsta stjórnarfundar sem ákveðinn var þriðjudaginn 22. júní næst komandi kl. 10.30.

3. Beiðni um styrk

Ósk kom frá skipuleggjendum Sumarsólstöðuhátíðar á Végeirsstöðum að FHA niðurgreiði grillmat fyrir þá sem mæta.

Tillaga kom frá Helga og Erlendi Steinari um að FHA myndi kaupa gasgrill sem staðsett yrði að Végeirsstöðum sem myndi þá nýtast áfram þar á staðnum. Erlendi Steinari var falið að kanna möguleikann á þessu hjá starfsfólki á bókasafninu sem hefur haft veg og vanda að þessari Sumarsólstöðuhátíð og þekkir til á Végeirsstöðum.

4. Samstarfsnefndarstörf

Helgi sagði frá samskiptum vegna starfsmanns sem taldi á sér brotið vegna skipulags kennslu á næsta skólaári. Óskað hefur verið eftir við yfirstjórn að koma á samstarfsferli vegna fækkunar starfa í framtíðinni. Rætt var um félagslegan stuðning fyrir aðila sem lenda í því að missa vinnuna. Næsta skref væri að fá fund með samstarfsnefnd sem allra fyrst. Skoða tímabundna samninga sem erlend starfsfólk hér við skólann hefur.

5. Önnur mál

- a) Atvinnuleysi starfsmanna. Ráðningarsamningur Tonys sem er kanadískur ríkisborgari og hefur verið hér í starfi á tímabundnu atvinnuleyfi rennur út í lok júlí. Eftir að ráðningu hans við HA lýkur á hann engan rétt til atvinnuleysisbóta þar sem dvalarleyfi og atvinnuleyfi hans miðaðist við starf við HA. Hjördís var falið að skoða hvort fleiri erlendir starfsmenn HA væru í sömu stöðu og Tony.
- b) Stefán Jónsson. FHA samþykkti upphaflega þátttöku í málskostnaði að upphæð kr. 1.000.000 vegna málshöfðunar hans gegn HA. Við höfum greitt um kr. 600.000. Spurningin

- er hvort við eigum rétt á endurgreiðslu þegar honum voru dæmdar bætur fyrir lögfræðikostnaði. Hjördísi var falið að kanna málið.
- c) Launasamningar á skólaþróunarsviði. Starfsmenn á skólaþróunarsviði hafa leitað til FHA um að fá aðstoð félagsins til þess að skoða launamál sín. Ákveðið var að taka erindi upp í samstarfsnefnd.
 - d) Námssjóður. Ljóst er að endurskoða þarf reglur um námssjóð og gera skýrari. Erlendi Steinari, Páli og Kristínu Þórarins var falið að koma með tillögur að nýjum texta fyrir námssjóðinn.
 - e) Heimasíða FHA. Leitast við að setja fleiri fréttir inn á heimasíðuna og halda henni lifandi. Skoða með að setja fleiri fréttir frá t.d. BHM inn á síðuna. Allir stjórnarmenn að vera með vakandi augu fyrir efni inn á heimasíðuna.
 - f) Framgangur í starfi. Rætt var um framgang í starfi frá aðjúnkt í lektorstöðu. Jafnframt var rætt um starfsfólk á tímabundnum ráðningarsamningum. Hafa þau rétt á fastri stöðu við skólann? Ákveðið var að taka þetta mál upp í samstarfsnefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00